

## **Skólaráðsfundur 13.11.2017**

Mætt: Hanna Dóra, Lára, Trostan, Ólafur Atli, Hafdís Edda, Guðmundur Smári, Jódís Helga, Laufey Haralds, Laufey Leifs, Svanhildur Pálsdóttir.

### **1. Fulltrúi grendarsamfélags**

Samþykkt að Svanhildur Pálsdóttir sitji áfram.

### **2. Starfsreglur skólaráðs**

Hanna Dóra fór yfir reglur ráðsins fyrir nýja fulltrúa nemenda. Gert er ráð fyrir fundum mánaðarlega. Stefnum að því að ráðið fundi reglulega eftir þetta. Fjalla um rekstraráætlun, starfsáætlun og fleira sem varðar rekstur skólans. Einn fundur um þróun skólamála og einn fund með nemendaráði. Stefnt að því að láta verða að þeim fundum í vetur.

### **3. Starfsáætlun Varmahlíðarskóla 2017-2018**

Hanna Dóra kynnti starfsáætlun skólaársins 2017-2018. Almenni hluti skólanámskrár er nánast tilbúin. Sumir kaflar þegar birtir á heimasíðu en aðrir tilbúnir birtingar en ekki enn komnir á netið. Líkt er með námsáætlanir í sífelldri vinnu og birtast jafnóðum og þær eru tilbúnar. Rætt um notkun snjalltækja. Hanna Dóra lagði áherslu á að reglur um notkun kæmu frá nemendum sjálfum og greindi frá frumkvæði nemendaráðs um tækjalaust diskó og tækjalausar mánudagsfrímínútur. Laufey lagði til að skólinn legði fram reglur um notkun og tilmæli að nemendur slökkvi á samskiptaforritum í kennslustundum.

### **4. Skóladagatal - Árshátíð yngri**

Hanna Dóra lagði fram beiðni um samþykkt fyrir að árshátíð yngri verði haldin fimmtudaginn 23. nóv í stað föstudagsins 24. nóv. Það var samþykkt.

### **5. Bréf Foreldrafélaga leik- og grunnskóla Varmahlíðar vegna húsnæðismála**

Hanna Dóra kynnti bréf frá Fjólu Viktorsdóttur sem sendi bréf frá foreldrafélagi Birkilundar, foreldraráði Birkilundar og foreldrafélags Varmahlíðarskóla. Bréfið er ákall þessarar félaga um fund með sveitarstjórnnum um húsnæðismál skólanna í Varmahlíð.

Bréfið rætt og gerðar athugasemdir við orðalag. Skólaráð gæti óskað fundar með þessum félögum áður en bréf þetta verið sent til sveitarstjórna og fræðslunefndar.

Niðurstaða að Hanna Dóra óski eftir frekari upplýsingum um tilögur sem nefndar eru í bréfinu og geri athugasemd við orðalag vegna Varmahlíðarskóla.

### **6. Önnur mál**

Trostan reifaði tæknimál í skólastarfi. Á tæknin alltaf við? Hugleiðingar vegna Ut- dags fyrir starfsfólk í skólum Skagafjarðar.

Rætt um það sem til er af námsefni í víðri veröld. Jódís nefndi samfélags- og náttúru efni sem hægt væri að nýta í kennslu þrátt fyrir að vera á ensku.

Hanna Dóra nefndi að á samráðsdegi væri fræðsla fyrir foreldra í tækninotkun. Stefnt að því að hafa meiri svleiðis fræðslu.

Jódís nefndi jafningjafræðslu það væri góð leið í kennslunni.

Svanhildur nefndi að sér litist vel á nemendaping og oft mætti hlusta meira á raddir nemenda.

Jósdís bar fram spurningu um kynfræðslu. Hvort það sé hlutverk skólahjúkrunarfræðings að sjá um það. Á landsmóti Samfés var umræða um að kynfræðsla skili sér ekki í skólum.

Laufey bar fram spurningu um jafnréttismál og fræðslu á því sviði. Vert er að gæta að því að fræða um jafnrétti.

Fundarritari: Lára Gunndís

Næsti fundur mánudaginn 18. des.



